

## Laxá í Refasveit 1994

Tumi Tómasson

Hólum, júlí 1994

VMST/N- 94008



**Veiðimálastofnun**  
**Norðurlandsdeild**  
Fiskeldi - Fiskrækt - Rannsóknir - Ráðgjöf

Hólum í Hjaltadal  
551 Sauðárkrókur  
Sími: 95-36599  
Fax: 95-36672

## ATHUGUN Á SEIÐASTOFNUM LAXÁR Í REFASVEIT 1994

### INNGANGUR.

Á undanförnum árum hafa seiðastofnar Laxár í Refasveit verið kannaðir nokkuð reglulega. Komið hefur í ljós að landnám laxa upp Laxá og í Norðurá hefur verið mjög stírt og smáseiðasleppingum hefur því verið haldið áfram á svæði ofarlega í ánni þar sem uppeldisskilyrði eru góð.

Vera má að almennt kalt tíðarfar síðustu ára hafi þessi áhrif á dreifingu hrygningar í ánni, því svipað er nú ástatt um margar aðrar ár í Húnaþingi. Seiði vantar víða framan til í árnar þar sem lax gengur þó yfirleitt fram til hrygningar.

Í rafveiðunum 1993 voru 2+ seiði ríkjandi í veiðinni. Lítið veiddist hinsvegar af (þá) 1+ seiðum og engin vorgömul seiði fundust. Í köldu sumri, eins og var 1993, mátti jafnvel búast við að klakárgangurinn það árið yrði veikur. Því var talið ráðlegt að reyna að bæta nýtingu á uppeldisskilyrðum framarlega í ánum (Bjarni Jónsson, 1993). Þetta mun hafa verið stefnan, en því miður voru einungis til um 1500 smáseiði af stofni árinna sumarið 1994 vegna áfalla í eldisstöð. Sumarið 1993 var engum seiðum sleppt vegna óhapps í eldisstöð.

Athuganirnar nú voru mun umfangsminni en áður hefur verið og voru fyrst og fremst gerðar til að fá betri grundvöll til að taka ákvarðanir um seiðasleppingar 1995.

### AÐFERDIR.

Alls var rafveitt á fimm stöðum, neðarlega í Núpshólum, fyrir ofan ármót Balaskarðsár, í Norðurá við Skrapatungurétt, við Njálstaði og fyrir neðan þjóðvegsbrúna. Það hefur verið veitt reglulega á öllum þessum stöðum á undanförunum árum. Stærð veiðisvæðis var mismunandi, frá um 240m<sup>2</sup> upp í 840m<sup>2</sup>.

Öll seiði sem veiddust voru greind til tegundar og þau lengdarmæld. Hreistursýni og/eða kvarnir voru tekin af nokkrum seiðum til aldursgreiningar, en mest var þó stuðst við lengdardreifingu seiða til ákvörðunar aldurs.

## NIÐURSTÖÐUR.

Helstu niðurstöður eru teknar saman á Mynd 1 og í Töflu 1. Í Núpshólunum veiddust einungis seiði úr sleppingunni frá 1992 (nú 2+). Stærstu seiðin voru komin í göngubúning, en þau minni voru björt og munu að líkindum einnig ganga til sjávar sumarið 1994. Fyrir ofan Balaskarðsána veiddust einungis fjögur seiði á mjög stórum kafla, þar af tvö úr sleppingu, en einungis tvö 3+ seiði af náttúrulegri hrygningu í ánni.

Neðar í árkerfinu fengust þrjár seiðaárgangar, 1+, 2+ og 3+. Seiði á fjórða ári (3+) virðast flest þurfa eitt ár enn í ánni áður en þau ganga til sjávar, en þó voru stærstu seiðin yfirleitt björt, þ.e. komin á fyrsta stig göngubúningsmyndunar. Þótt minna hafi veiðst af 1+ seiðum en oftast áður, þá ber að hafa í huga að þessi seiði voru óvenju smá og veiðast því illa. Hinsvegar er ljóst að 2+ árgangurinn, þ.e. seiði úr klaki 1992, er mjög smár.

## UMRÆÐA OG ÁLYKTANIR.

Segja má að þessi athugun nú styðji í öllum meginatriðum niðurstöður og framvinduspá sem fram komu í skýrslu Bjarna Jónssonar (1993) um athuganir í Laxá í Refasveit sumarið 1993. Klakárgangurinn frá 1991 (nú 3+) er ríkjandi og sterkur, að líkindum mest fyrir það hve litla samkeppni hann hefur fengið frá árgöngunum sem á eftir koma. Klakárgangurinn frá 1992 er mjög rýr og þar veldur að líkindum mestu tvö köld sumur í röð. Seiðin eru smá fyrir fyrsta vetur og vaxa mjög hægt síðara árið einnig sökum vatnskulda. Samfara hægum vexti eru alla jafna mikil afföll. Eftir því sem seiðin stækka, því betur gengur þeim að nýta sér fæðu við lægra hitastig. Því má búast við að þau seiði sem nú eru 2+ muni dafna vel sumarið 1994 þótt þau munu tæpast ganga til sjávar fyrr en 1996.

Kalt tíðarfar sumarið 1993 kemur fram í mjög smáum 1+ seiðum nú. Þótt árgangurinn sé enn nokkuð stór að tölunni til er lífpungi hans enn lítil og hann veitir því eldri seiðum litla samkeppni um fæðu. Verði sumarið 1994 einnig kalt má búast við að mikil afföll eigi enn eftir að verða á seiðum þessa árgangs. Verði sumarið hins vegar gott er hér í uppsiglingu góður árgangur, sem gæti jafnvel dregið úr vexti eldri seiða þegar líða tekur á sumarið.

Stór hluti þeirra seiða sem nú eru 3+ mun ganga til sjávar 1995, en þó fer einhver hluti árgangsins út sumarið 1994 og jafnframt má reikna með að seiði úr þessum árgangi geti orðið hluti gönguseiðaframleiðslunnar 1996, einkum ef þau seiði sem nú eru 1+ dafna vel sumarið 1994.



Landnám laxins gengur fremur hægt í Laxá, en þetta gæti verið afleiðing kaldra sumra undanfarinna ára. Á meðan svona er ástatt er þó rétt að nýta góð uppeldissvæði í Norðurá og framantil í Laxá með sleppingum smáseiða.

Náttúruleg seiði í ánni hafa tilhneigingu til að ganga fram árnar þegar þau stækka, eins og sést m.a. á því að nú fengust tvö náttúruleg 3+ seiði fyrir framan Balaskarð. Þessi árgangur mun þó tæplega nema nýtt land í nokkrum mæli. Næsti árgangur þar á eftir er óvenju lífill og mun því lítið dreifa sér frá því sem nú er.

Mikið veltur á tíðarfari sumarið 1994 hvernig framvinda í seiðabúskap Laxár verður, en ég tel rétt að leggja áherslu á sleppingu smáseiða sumarið 1995 til að tryggja sem best samfellu í gönguseiðaframleiðslu á svæðinu.

Þótt gönguseiðaframleiðslan í ár og á næstu árum sé að mestu leiti af neðstu hlutum árinna er ekki ástæða til að óttast hrun í veiðinni af þeim sökum þótt vissulega verði hún minni en orðið hefði ef stærra svæði stæði á bak við hana.


Þeim seiðum sem til eru nú er réttast að dreifa vel í Núpshólana. Síðan myndi ég leggja til að sleppa frekar seint í ána næsta sumar, þá mjög misstórum seiðum. Þau stærstu ættu þá að geta farið út strax vorið 1996, en með sleppingu misstórra seiða eru góðar líkur á að gönguseiðaframleiðsla úr sleppingunni skiptist á tvö ár. Þar með fæst bæði betri gönguseiðaframleiðsla 1996, þegar útlit er að óbreyttu fyrir nokkra lægð í gönguseiðaframleiðslu, en einnig myndi slík stefna í sleppingum draga úr neikvæðum áhrifum þess þegar seiðaframboð úr eldisstöð er lítið eða ekkert.

Heimildir

Bjarni Jónsson, 1993. Laxá í Refasveit 1993. Skýrsla Veiðimálastofnunar, VMST-N/93008X

Tafla 1. Fjöldi veiddra seiða á 100m<sup>2</sup> í Laxá í Refasveit, 27. júní 1994.

Stöð	Stærð m <sup>2</sup>	Fjöldi veiddra seiða á 100m <sup>2</sup>				
		1+	2+	3+	4+	Urriði
Núps hólar	60x4	-	1.3	0.4	-	-
f.o. Balaskarðsá	50x15	-	0.1	0.4	-	-
Norðurá	120x7	0.6	0.6	2.4	0.1	0.5
við Njálstaði	70x7	2.2	0.8	3.1	-	-
f.n. brú	70x6	4.8	1.2	7.1	-	0.2



Mynd 1: Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í Laxá í Refasveit þann 27. júní 1994.